

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Ágúst 2022

Skráð atvinnuleysi í ágúst var 3,1% og minnkaði um 0,1 prósentustig frá júlí

Skráð atvinnuleysi var 3,1% í ágúst og minnkaði úr 3,2% í júlí. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 270 frá júlímánuði.

Að meðaltali voru 6.009 atvinnulausir í ágúst, 3.276 karlar og 2.733 konur.

Af einstökum landshlutum dró hlutfallslega mest úr atvinnuleysi á Austurlandi, Suðurlandi og á Suðurnesjum.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í ágúst eða 5,3% og minnkaði úr 5,5% í júlí. Næst mest var atvinnuleysið 3,4% á höfuðborgarsvæðinu.

Minnst var atvinnuleysi í ágúst á Norðurlandi vestra 0,7%, á Austurlandi 1,3%, á Vesturlandi 1,4% og á Vestfjörðum 1,5%.


Alls voru 2.700 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok ágúst og fækkaði um 142 frá júlí.

Í ágúst 2022 gaf Vinnumálastofnun út 237 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 183 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 134 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 103 leyfi voru framlengd.

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 29 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í ágúst 2022 með samtals 237 starfsmenn.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni ekki breytast mikið í september og verða á bilinu 2,9% til 3,2%.

Þróun atvinnuleysis ágúst 2020 til ágúst 2022



Atvinnuástand eftir landshlutum


Á höfuðborgarsvæðinu minnkaði atvinnuleysi um 0,1 prósentustig og var 3,4% í ágúst. Atvinnuleysi á landsbyggðinni sem heild minnkaði einnig um 0,1 prósentustig frá júlí og var 2,5% í ágúst. Atvinnuleysi á landinu öllu minnkaði um 0,1 prósentustig frá júlí og var 3,1% í ágúst.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í ágúst eða 5,3% og minnkaði úr 5,5% í júlí. Næst mest var atvinnuleysið 3,4% á höfuðborgarsvæðinu. Í flestum landshlutum dró úr atvinnuleysi í ágúst en litlar breytingar voru á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Af einstökum landshlutum dró hlutfallslega mest úr atvinnuleysi á Austurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum.

Minnst var atvinnuleysi í ágúst á Norðurlandi vestra 0,7%, á Austurlandi 1,3%, á Vesturlandi 1,4% og á Vestfjörðum 1,5%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í júlí og ágúst.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á þremur svæðum, á Vestfjörðum þar sem það var 1,7% meðal karla og 1,3% meðal kvenna, á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi karla var 1,0% og atvinnuleysi kvenna 0,4% og á Austurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 1,4% og atvinnuleysi kvenna 1,2%. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysi karla og kvenna jafnt 3,4%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í ágúst.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 6.118 í lok ágúst, 3.279 karlar og 2.839 konur og fækkaði atvinnulausum körlum um 213 frá júlilokum og atvinnulausum konum fækkaði um 229.

Alls voru 440 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok ágúst og hefur þeim fækkað um 39 frá júlilokum.

Lengd á skrá

Alls höfðu 2.395 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok ágúst og fjölgað um átta frá júlí. Hins vegar voru þeir 5.083 í ágústlok 2021.

Þeim sem hafa verið atvinnulausir í 6-12 mánuði fækkaði frá júlí um 18 og voru 1.899 í lok ágúst. Í lok ágúst 2021 var þessi fjöldi hins vegar 2.884.


Atvinnugreinar

Atvinnulausum í lok ágúst fækkaði í öllum atvinnugreinum frá lokum júlí. Mest var hlutfallsleg fækkun atvinnulausra í ferðatengdum atvinnugreinum, í ýmiss konar opinberri þjónustu (fræðslu, heilbr. og félagsþjónustu), í upplýsingatækni- og útgáfu svo og við sjávarútveg eða á bilinu 15% til 18% fækkun atvinnulausra milli mánaða.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 2.700 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok ágúst og fækkaði um 142 frá júlí. Þessi fjöldi samsvarar um 6,3% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Mesta fækkun atvinnulausra með erlent ríkisfang er m.a. í ýmiss konar opinberri þjónustu, ferðaþjónustu, og við sjávarútveg eða á bilinu 14%-18% fækkun milli mánaða. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 44% í ágúst.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.329 sem er um 49% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar, Lettar og Spánverjar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok ágúst 2022



Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur


Atvinnuleyfi

Í ágúst 2022 gaf Vinnumálastofnun út 237 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 183 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 134 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 103 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í ágúst, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérstakra

ástæðna eða 94 leyfi. Þá voru gefin út 59 sérfræðileyfi og 37 námsmannaleyfi. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í ágúst voru flest leyfi gefin út vegna sérfræðistarfa eða 30%, 26% vegna starfa verkafólks og eins 26% vegna þjónustustarfa. Um 18% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í ágúst 2022



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 29 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í ágúst 2022 með samtals 237 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 672 í ágúst á vegum 19 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 51%, 19% frá Lettlandi og 13% frá Litháen. Þeir sem eftir standa eða um 17% starfsmanna komu frá 11 öðrum ríkjum.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra